

Ed.

276. Frumvarp til laga

[150. mál]

um breyt. á l. nr. 41 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Flm.: Karl Kristjánsson.

1. gr.

15. gr. laganna orðist þannig:

Þegar heimavistarskólar barnafræðslustigs, gagnfræðastigs eða húsmæðraskólur njóta ekki jarðhita til upphitunar, greiðir ríkissjóður $\frac{3}{4}$ hluta hitunarkostnaðarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og kemur greiðsluskiptingin samkvæmt þeim til framkvæmda frá síðustu áramótum að því leyti, sem hún ekki hefur áður gilt.

Greinargerð.

Árið 1955 var leitt í lög, að ríkissjóður skuli greiða þrjá fjórðu hluta upphitunarkostnaðar við heimavistarskóla gagnfræðastigs og húsmæðraskóla, sem ekki njóta þeirrar hlunnindaaðstöðu að hafa jarðhita til upphitunar.

Þetta var lögleitt til þess að sýna lit á því að jafna aðstöðumun fólks í þessum efnum.

Heimavistarskólar barnafræðslustigsins á köldum stöðum urðu útundan, þegar þessi ákvæði voru sett.

Allt sýnist mæla með því, að ríkið láti sömu reglu gilda um þátttöku sína í upphitunarkostnaði hjá heimavistarskólum barnafræðslustigsins, sem ekki njóta hlunninda jarðhita, og skólum gagnfræðastigsins og húsmæðraskólum þeim, er ekki búa við jarðhita. Aðstöðumunurinn er nákvæmlega hinn sami. Skylda ríkisins til að draga úr honum álíka mikil.

Ákveðið hefur verið að því unnið á seinustu árum að sameina sem flest skólahéruð um heimavistarbarnaskóla á jarðhitastöðum, og stórlega hefur í þá átt miðað. Einstök skólahéruð eru þó þannig sett, að þau eiga engan kost jarðhita fyrir heimavistarskóla sína — og hafa enga von um, að úr því geti rætt. Önnur bíða jarðhitarannsókna eða annarra framkvæmdaskilyrða.

Flutningsmaður þessa frumvarps bað Skólaeftirlit ríkisins um upplýsingar um það, hve margir skólarnir væru — eins og sakir standa, — sem nytu breytingarinnar, sem frumvarpið felur í sér, ef það yrði að lögum. Enn fremur hve háa fjárhæð til útgjaldaaukningar fyrir ríkissjóð mundi vera hér um að ræða.

Svör Skólaeftirlitsins voru á þá leið, að heimavistarbarnaskólarnir, er til greina kæmu, væru 26 að tölum. Kostnaður við skólahaldið 1962 væri ekki enn þá uppgerður, því að reikningar þess árs væru ekki komnir frá skólahéruðunum. En ef miðað væri við kostnaðinn á árinu 1961, hefði útgjaldaaukningin fyrir ríkissjóð vegna umræddrar lagabreytingar orðið kr. 258 072.00.

Af þessum upplýsingum má ráða, að þetta réttlætismál gagnvart skólahéruðunum horfir ekki til mikillar útgjaldaaukningar fyrir ríkissjóð.